

***BORGARSTJÓRN 12. maí 2020: Tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur, fulltrúa ungmennaráðs Grafarvogs um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum Reykjavíkur - R20050125***

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2021.

**Greinargerð:**

Vegna aukinnar vitundar um mikilvægi þess að ungmenni læri um fjármál, atvinnumarkaðinn og réttindi á vinnumarkaði telur ungmennaráð Grafarvogs að tryggja þurfi kennslu um þessi viðfangsefni. Innleiðing á kennslu í fjármálalæsi myndi styðja við þessa áhersluþætti sem finna má í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Útfærsla af þessari tillögu gæti til dæmis verið í formi skylduáfanga fyrir ákveðna árganga en gætu einnig fallið undir kennslu í öðrum námsgreinum, s.s. samfélagsfræði.